

10. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn miðvikudaginn 9. desember 2020 kl. 14:00 á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Mætt eru Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni, Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Bjarnheiður Júlí Fossdal Melum 1, Björn G. Torfason Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá fundarins;

1. Fjárhagsáætlun 2021-2024. Seinni umræða.
2. Bréf frá Vegagerðinni varðandi Veiðileysuháls, lagt fram til umræðu og kynningar.
3. Rekstur húsnæðis í eigu hreppsins.
4. Búið að senda út reikninga vegna gjalda við Norðurfjarðarhöfn. Verður sett inn í heimabanka og sendir út reikningar.
5. Þjóðskrár Íslands varðandi breytingar á nöfnum á húsnæði, bréf er í undirbúningi.
6. Persónuvernd – persónuverndarfulltrúi. Jón Páll Hilmarsson hjá Pacta lögmönnum. Búið að senda staðfestingu til Persónuverndar.
7. Erindi frá Thomasi Elguezabal varðandi skipulagningu á samveru fyrir íbúa í sveitinni.
8. Sendir á Kjörvogi, kostnaður við að halda honum opnum, tölvupóstur frá neyðarlínunni.
9. Styrkur frá Vegagerðinni úr styrkvegaskjóði.
10. Fundargerð/samþykkt skipulagsnefndar Árneshrepps sem haldinn er 8. desember 2020.

1. Fjárhagsáætlun 2021-2024, seinni umræða.

Lögð er fram til seinni umræðu tillaga að fjárhagsáætlun Árneshrepps fyrir árin 2021-2024.

Oddviti kynnti tillöguna og þær breytingar sem gerðar hafa verið á henni frá fyrri umræðu.

Tekjur A og B hluta er 50,1 millj.kr. Rekstrargjöld A og B hluta án fjármagnsliða 50,8

millj.kr. Rekstrarniðurstaða er neikvæð um 391 þús. Rekstrartekjur A hluta 44,3 millj.kr.

Rekstrargjöld án fjármagnsliða 45,7 millj. Rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um 205

þús.kr.

Álagning útsvars er óbreytt 14,52%

Lögð var fram tillaga um að álagning fasteignaskatts í Árneshreppi árið 2021 verði;

0,625% af fasteignamati skv. A-lið 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

1,32% af fasteignamati skv. B-lið 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

1,65% af fasteignamati skv. C-lið 3.gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Oddviti lagði fram tillögu um að gjöld vegna Norðurfjarðarhafnar og stöðuleyfisgjöld verði óbreytt frá 2020.

2. Bréf frá Vegagerðinni varðandi Veiðileysuháls, lagt fram til kynningar og umræðu.

Hreppsnefnd er ekki ánægð með hve hægt þessi mál ganga og vill fá lagningu þessa vegar

flýtt. Hreppsnefnd er ekki óánægð með framkvæmdir sem unnið er að á Vestfjörðum, en

getur alls ekki litið á það sem afsökun eða skýringu á því hve hægt gengur með

Veiðileysuháls.

3. Rekstur húsnæðis í eigu hreppsins. Rekstur hefur gengið upp og ofan, margt sem þarf nauðsynlega að fá gert í verslunarhúsinu. Skoða þarf miðstöðvarkerfið og rafmagnið svo fljótt sem verða má.

4. Búið að senda út reikninga vegna gjalda við Norðurfjarðarhöfn, verður sett inn í

heimabanka og sendir út reikningar. Væntanlegar greiðslur fyrir árið eru kr. 1.906.489,-

5. Þjóðskrár Íslands varðandi breytingar á nöfnum á húsnæði, bréf er í undirbúningi. Oddviti vinnur í málinu.

6. Persónuvernd – persónuverndarfulltrúi. Jón Páll Hilmarsson hjá Pacta lögmönnum. Búið að senda staðfestingu til Persónuverndar. Málið er í vinnslu og verður klárað sem fyrst.

7. Erindi frá Thomasi Elguezabal varðandi skipulagningu á samveru fyrir íbúa í sveitinni.

Hreppsnefnd er ánægð með erindi Thomasar og oddviti mun ræða við hann með hvaða hætti aðrir íbúar koma að málinu.

8. Sendir á Kjörvogi, kostnaður við að halda honum opnum, tölvupóstur frá neyðarlínunni. Hreppsnefnd ákvað að oddviti myndi ræða við Póst- og fjarskiptastofnun og Fjarskiptasjóð. Einnig er Isavia að skoða málið þar sem Flugvöllurinn á Gjögri er nánast sambandslaus í farsíma sem auðvitað er ekki forsvaranlegt.

9. Styrkur frá Vegagerðinni úr styrkvegasjóði. Styrkurinn verður greiddur fljótlega.

10. Fundargerð/samþykkt skipulagsnefndar Árneshrepps sem haldinn er 8. desember 2020. Arinbjörn Bernharðsson, formaður skipulagsnefndar, hóf fundinn á að bera upp breytingu á tillögu að dagskrá sem send hafði verið út með fundarboðinu. Máli er varðar bréf frá Vegagerðinni sem tengist byggingu í Djúpavík bætt við dagskránnu. Var breytt tillaga að dagskrá samþykkt samhljóða.

Bátaskýli á Gjögri – óleyfisframkvæmd/grenndarkynning byggingarleyfis

Fyrir liggur umsókn um byggingarleyfi frá Guðrúnu E. Karlsdóttur og aðaluppdrættir að bátaskýli á Gjögri. Umrædd bygging er 27,4 m² og reis án byggingarleyfis og fór þáverandi byggingarfulltrúi Árneshrepps fram á stöðvun framkvæmda með bréfi dags. 30. október 2017.

Í bréfi byggingarfulltrúa var farið fram á að framkvæmdaraðili legði fram gögn í tengslum við nýbygginguna og var auk þess óskað eftir byggingarleyfisumsókn (sem nú er tekin til umfjöllunar).

Pegar umsóknin lá fyrir fól skipulagsnefnd byggingarfulltrúa að grenndarkynna framkvæmdina fyrir aðliggjandi lóðarhöfum.

Einungis einn aðili gerði athugasemdir við framkvæmdina, þ.e Hilmar F. Thorarensen.

Lögð er fram athugasemd sem barst frá Hilmari þess efnis að ásýnd íbúðarhúss hjónanna setji mikið niður við þessa gluggalausú nýbyggingu.

Skipulagsnefnd telur ekki ástæðu til að fara fram á að bætt sé við glugga eða gluggum til að fegra útlit byggingarinnar. Um er að ræða bátaskýli í sjávarbarðinu.

Lagðar eru fram athugasemdir frá Hilmari þess efnis að útsýni frá íbúðarhúsi hans skerðist til vesturs og norðurs og að vegur þrengir að aðkomu að Karlshöfn og sjávarhúsi.

Skipulagsnefnd telur ljóst að útsýni til vesturs skerðist lítillega með tilkomu nýbyggingarinnar þar sem hún nær lengra til suðvesturs en sú bygging sem stóð þarna áður. Auk þess hefur lítillega þrengst að vegslóðanum vegna sömu ástæðu, þ.e. nýbyggingin er lengri en forveri hennar.

Með framangreindar athugasemdir til hliðsjónar leggur skipulagsnefnd til við sveitarstjórn að meðalhófsreglu verði gætt og að nýbyggingin verði stytta með þeim hætti að sátt náist um málið. Byggingarfulltrúa falið að ganga frá málinu.

1. Óverulega breyting á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 og deiliskipulag í landi Dranga

Fyrir liggur tillaga að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps og nýtt deiliskipulag fyrir frístundabyggð í landi Dranga.

Svæðið sem um ræðir er 10 ha að stærð og telst aðalskipulagsbreytingin óveruleg þar sem svæðið er þegar skilgreint sem frístundabyggð skv. gildandi aðalskipulagi og er því ekki þörf á að breyta aðalskipulagsupprætti. Breytingin felur í sér að svæði fyrir frístundabyggð á Dröngum (merkt FS6 á upprætti) heimili allt að 14 byggingareiti undir frístundahús.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 14 frístundahúsalóðum á svæðinu en skipulagslýsing fyrir verkefnið var til auglýsingar vorið 2019.

Afgreiðslu máls frestað þar sem gögn bárust ekki nógu tímanlega fyrir fund skipulagsnefndar.

1. Bréf frá vegagerðinni varðandi fyrirhugaða veglínu sunnan Djúpavíkur/bygging án byggingarleyfis

Fyrir liggur bréf frá Vegagerðinni vegna byggingar sem stendur nærri fyrirhugaðrar veglínu sunnan byggðarinnar í Djúpavík. Starfsmenn sem vinna að undirbúningi verksins höfðu ekki upplýsingar um tiltekna byggingu þegar fyrstu drög að nýrri veglínu voru gerð ofan

Djúpavíkur. Vegagerðin telur að lítið svigrúm sé til að hliðra til veglínu út frá landslagi og núverandi byggð og er þar af leiðandi byggingin á afar óheppilegum stað og hefur slæm áhrif á fyrirhugaðan veg.

Skipulagsnefnd telur ábendingu Vegagerðarinnar réttmæta enda er nýbyggingin staðsett mjög nálægt fyrirhugaðri veglínu. Mál framkvæmdarinnar hefur verið í ferli hjá byggingar- og skipulagsyfirkvöldum en hvorki byggingarleyfi né umsókn um byggingarleyfi er fyrir byggingunni. Um er að ræða gámabyggingu, samsetta úr fimm gámum, sem fengu afgreiðslu stöðuleyfis til eins árs þann 19. júlí 2018. Ljóst er að stöðuleyfið er fallið úr gildi en ekki var sótt um framlengingu þess á sínum tíma.

Jafnframt er óljóst um eignarhald lóðar umræddrar byggingar en þau mál eru í vinnslu.

Ljóst má telja að fyrirhuguð færsla Strandavegar (643) um Veiðileysuháls frá Kráku að Kjósará er mikilvæg samgöngubót fyrir sveitarfélagið. Staðsetning byggingarinnar er því mjög óheppileg með tilliti til neikvæðra áhrifa á framgang verkefnisins.

Athugasemdir hafa auk þess verið gerðar við nýbygginguna sbr. bréf Páls Lýðs Pálssonar til sveitarfélagsins, dags. 11.10.2019 auk þess sem fjölmiðlar hafa veitt töfum á afgreiðslu málsins athygli.

Með framangreint til hliðsjónar leggur skipulagsnefnd til að byggingarfulltrúi ljúki málinu með tilliti til skilmála byggingarreglugerðar.

Hreppsnefnd hefur yfirfarið fundargerð skipulagsnefndar og samþykkir hana óbreytta.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið 15:40